

Reykjavík 26.08. 2019

Skýrsla um Fornleifaskóla barnanna í Odda 2019

Tekið var á móti nemendum úr 7. bekk í Laugalandsskóla og Hvolsskóla í Fornleifaskóla barnanna í Odda í maí 2019. Kynningar fyrirlestur var haldinn í báðum skólum miðvikudaginn 8. maí. Nemendur úr Laugalandsskóla komu í vettvangskennslu í Odda mánudaginn 13. maí og nemendur úr Hvolsskóla komu dagana 14.-16. maí. Fyrsta daginn komu 10 nemendur og hina dagana komu 9 nemendur hvern dag, samtals voru því 37 nemendur sem komu í Fornleifaskóla barnanna í Odda 2019.

Undirbúningur fyrir kennsluna fólst í því að yfirfara og gera lítilsháttar breytingar á námsefni fyrir kennslu í skólanum. Annars vegar var stuðst við námsefni þar sem farið var almennt yfir það hvað fornleifar og fornleifafræði eru og hins vegar stuðst við námsefni um forngrípi og meðhöndlun þeirra. Farið var í Odda og uppgraftarsvæði undirbúið fyrir nemendur en það var aftur haft við hliðina á fjárhúsum í Langekru þar sem nýlegt jarðrask hafði orðið á yfirborði vegna niðurrifs gamals fjóss. Þá fólst undirbúningurinn einnig í því að finna til kennslugögn og verkfæri.



Hluti nemenda að læra undirstöðuatriði í fornleifauppgræfti

Miðvikudaginn 8. maí fór fram kennsla í heimastofum 7. bekkja í Laugalandsskóla annars vegar og í Hvolsskóla hins vegar. Þar var farið ítarlega yfir það hvað fornleifar og fornleifafræði eru, helstu aðferðir fornleifafræðinnar og aldursgreiningar í fornleifafræði. Einnig var fjallað um sérstöðu íslenskrar fornleifafræði og minja í Rangárþingi ytra. Endað var á því að fjalla stuttlega um Oddarannsóknina og hellinn sem fannst

þar síðastliðið sumar.

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

S J Á L F S E I G N A R S T O F N U N

Í vikunni eftir, dagana 13.-16. maí komu nemendurnir með skólabil í Odda að morgni og voru við störf í skólanum til 13.50/14.30. Fornleifaskólinn hafði aðstöðu til innikennslu í safnaðarheimilinu í Odda og fór hluti vettvangsvinnunnar fram í Odda en að mestu fór hún fram í Langekru.

Hvern dag mætti 9-10 barna hópur í Odda. Kennslan hófst á því að horft var á myndbandið *Spori þinnur fornleifar* úr verkefninu Menntun og minjar eftir Evu Kristínu Dal. Að því loknu var nemendum skipt upp í þrjá minni hópa. Allir hóparnir fengu kennslu í gripafræði, fornleifaskráningu og fornleifauppgrefti. Hulda Björk Guðmundsdóttir sjá um kennslu í gripafræði og hjá henni voru nemendurnir látnir þrifa og flokka gripi sem þau höfðu grafið upp fyrir um daginn eða daginn áður. Kristborg Þórsdóttir sá um kennslu í fornleifaskráningu. Með henni var farið yfir helstu aðferðir við fornleifaskráningu og fengu nemendurnir að spreyta sig á því að skrá eina tóft. Lilja Björk Pálsdóttir var með kennslu í fornleifauppgrefti í Langekru og fékk hver nemandi lítinn reit sem hann rannsakaði. Þau fengu að teikna upp reitinn sinn í hnitakerfi og mæla inn gripi sem þau fundu (og búið var að koma fyrir á svæðinu). Einnig fengu þau að prófa að blautsigta jarðveginn sem þau grófu upp.



Kennsla í gripafræði þar sem nemendur áttu að þrifa og flokka gripina sem þau höfðu grafið upp fyrir um daginn

Síðasti dagurinn var aðeins frábrugðinn fyrstu þremur dögum því að þá voru allir nemendurnir um morguninn hjá Huldu í gripafræði og svo var þeim skipt upp í tvo hópa sem báðir fengu kennslu í aðferðum fornleifaskráningar og fornleifauppgraftar. Dagurinn endaði með því að hóparnir tveir prófuðu ratleik sem er í þróun. Í honum eiga nemendurnar að leysa þrautir og svara spurningum úr námsefninu.

Fornleifaskólanum lauk með því að nemendur tóku kennslukönnun þar sem þau voru spurð ýmissa spurninga um kennslufyrirkomulag, námsefni og verkefni sem fyrir þau voru lögð.

Laugalandsskóla og Hvolsskóla voru gefin tvö eintök af bókinni *Upp á yfirborðið* sem FSÍ gaf út fyrir fáum árum. Í henni eru stuttar og aðgengilegar greinar um ýmis verkefni sem stofnunin hefur unnið að síðastliðna tvo áratugi.

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

S J Á L F S E I G N A R S T O F N U N

Skólahald í Fornleifaskóla barnanna í Odda 2019 tókst mjög vel og nemendur voru langflestir mjög áhugasamir og duglegir. Sömuleiðis var mikill áhugi hjá starfsmönnum skólans sem hefur mikið að segja fyrir verkefnið.

Nemendur fengu um 1,5 kennsludag í Fornleifaskólanum og er það líklega mátulegur tími ef tekið er mið af því að ekki séu fleiri en 3-4 nemendur hjá leiðbeinanda í verklega hlutanum. Gert var ráð fyrir um 1,5 klst. í hvern hluta vettvangskennslunnar og var það í flestum tilvikum nægur tími til þess að koma því efni til skila sem lagt var upp með og að leyfa nemendum að prófa ólíkar aðferðir fornleifafræðinnar. Gaman væri að bæta við kennslu um dýrabein, mannabein, plöntur og skordýr og er það eitthvað sem ætti að hafa í huga við skipulagningu skólans í framtíðinni.

Almennt voru nemendur vel með á nótunum og meðtöku námsefnið. Sem fyrr segir er mikilvægt að ekki séu fleiri en 3-4 nemendur á hvern leiðbeinanda í verklegu kennslunni til þess að halda öllum virkum og til þess að allir fái góða leiðsögn. Námsefnið er í þróun, sem og skipulag skólahaldsins. Það mætti hæglega lengja tímann sem nemendur eru í Odda og auka fjölbreytnina í námsefninu.

Það hentar vel að starfrækja Fornleifaskólann að vori því þó að allra veðra sé von er bjart og farið að hlýna og gróður að taka við sér. Á meðan á skólahaldi stóð vorið 2019 var veður ágætt og kom ekki að sök þó að rigndi lítillaga. Nemendur hefðu þó mátt vera betur búnir en margir voru í strigaskóm og ekki með nein hlífðarföt.



Kennsla í fornleifaskráningu. Hér eru nemendur að skrá tóft í Langekru.

Ekki var annað að sjá og heyra en að nemendur og kennarar skemmtu sér vel í Odda. Í haust er rétt að fulltrúar Oddafélagsins, leiðbeinendur, kennarar og skólastjórnendur ræði það hvort að áhugi sé fyrir því að halda þessu verkefni áfram og taka jafnvel Fornleifaskóla barnanna í Odda inn í námsskrá grunnskóla í Rangárvallasýslu. Þá þarf einnig að ræða það hvort það fyrirkomulagið á

kennslunni í vor henti eða hvort vilji sé fyrir því að gera breytingar.

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

S J Á L F S E I G N A R S T O F N U N

Aftast í þessari skýrslu eru birtar spurningar og svör úr kennslukönnuninni til upplýsingar. Almennt má segja að mikill áhugi hafi verið á námsefninu og vildu flestir nemendur sem svöruðu að skólahaldið væri í tvo eða fleiri daga.

F.h. Fornleifastofnunar Íslands,
Kristborg Þórsdóttir.

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

S J Á L F S E I G N A R S T O F N U N

Svör við kennslukönnun (35 nemendur svöruðu könnun):

1. Fannst þér umfjöllunarefni fornleifaskólans áhugavert?

- | | |
|--|----|
| <input type="checkbox"/> Mjög áhugavert | 12 |
| <input type="checkbox"/> Áhugavert | 19 |
| <input type="checkbox"/> Hvorki né | 2 |
| <input type="checkbox"/> ekki mjög áhugavert | 2 |
| <input type="checkbox"/> alls ekki áhugavert | |

2. Fannst þér kennsla í fornleifaskólanum taka

- | | |
|--|----|
| <input type="checkbox"/> of stuttan tíma? | 13 |
| <input type="checkbox"/> mátulega langan tíma? | 22 |
| <input type="checkbox"/> of langan tíma? | |

3. Fannst þér erfitt að skilja kennsluefnið?

- | | |
|--|----|
| <input type="checkbox"/> Já | |
| <input type="checkbox"/> Nei | 35 |
| <input type="checkbox"/> Frekar erfitt | |

Hvað fannst þér erfðast að skilja?

Svörin: Flestir sögðu að það hefði ekkert verið erfitt að skilja en aðrir nefndu eftirfarandi hluti: *Stundum var það erfitt en það var geggjald; að merkja torfurnar (tóftirnar?); spurningakeppnina (gripahlutinn); eitthvað gps dæmi, áttir og allt það sem maður notar til að skrá; skrá fornleifar (x4); ekkert erfitt en sumt ekkert voða gaman; að finna tóftir; mælingarnar; að merkja.*

Hvað fannst þér auðveldast að skilja?

Svörin: *Allt; að grafa (flestar voru á því); allt skemmtilegt (kom frá mörgum); hundamyndbandið; smásjáin og að skrá; allt jafnauðvelt*

3. Hvaða hluti námsefnisins fannst þér skemmtilegastur/áhugaverðastur?

- | | |
|---|--|
| <input type="checkbox"/> Fyrirlestur um fornleifafræði og Oddarannsóknina | 1 |
| <input type="checkbox"/> kennsla í fornleifaskráningu í Odda | 3 |
| <input type="checkbox"/> kennsla í uppgrafaðferðum í Odda | 27,5 |
| <input type="checkbox"/> gripafræði | 3,5 (2 einstaklingar sögðu að gripfræðin væri skemmtilegust og leiðinlegust) |

4. Hvaða hluti námsefnisins fannst þér leiðinlegastur/síst áhugaverður?

- | | |
|---|-----|
| <input type="checkbox"/> Fyrirlestur um fornleifafræði og Oddarannsóknina | 14 |
| <input type="checkbox"/> kennsla í fornleifaskráningu í Odda | 8,5 |

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

S J Á L F S E I G N A R S T O F N U N

- kennsla í uppgraftaraðferðum í Odda
- gripafræði 9,5 (2 einstaklingar
sögðu að gripfræðin væri skemmtilegust og leiðinlegust)
- veit ekki (valkosti bætt við) 1
- ekkert (valkosti bætt við) 2

5. Hversu erfið/auðveld þóttu þér verkefnið sem lögð voru fyrir?

- Mjög auðveld 8
- Auðveld 14
- hvorki né 11
- frekar erfið 2
- erfið
- mjög erfið

6. Hefur þú meiri eða minni áhuga á fornleifafræði eftir að hafa verið í fornleifaskólanum?

- Miklu minni 2 (annar þessara einstaklinga vildi samt fara aftur í fornleifaskólann og vera 5 daga)
- Minni 1 (sami einstaklingur vildi samt fara aftur í fornleifaskólann)
- hvorki né 4
- meiri 17
- miklu meiri 11

7. Myndir þú vilja fara aftur í fornleifaskólann og læra meira um fornleifar og fornleifafræði?

- Já 19
- Nei 2
- Kannski 9
- veit ekki 4

8. Er eitthvað sem ekki var fjallað um í skólanum sem þú hefðir viljað fræðast um?

- Nei 25
- já 9

Ef já, þá hvað: *Bara fara oftast í Odda; elstu hlutirnir og eitthvað meira og um gömlu söguna; um gömlu söguna; Allt!; bara allt fornleifadótið, hellir; hvernig finnur maður hlutina í sjónum; dýrabein*

9. Hvað heldur þú að væri mátulega langur tími fyrir kennslu í fornleifaskóla

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

S J Á L F S E I G N A R S T O F N U N

barnanna?

- 1 dagur 3
- 2 dagar 12
- 3 dagar 10
- 4 dagar 2
- 5 dagar 6
- 6 dagar; 2 dagar í hverja grein(valkosti bætt við) 1

Einn nemandi svaraði ekki síðustur þremur spurningunum.